

		Hlutabréfaeign í upphafi árs		Kaup		Breyting		Sala				Arður og staðgreiðsla			Hlutabréfaeign í lok árs				
1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	13a	14	15	16			
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Nafnverð	Stofnverð (kaupverð)	Nafnverð keypra hlutabréfa	Kaupverð	Breyting á nafnverði	Breyting á kaupverði	Söluverð	Nafnverð seldra hlutabréfa	Stofnverð seldra hlutabréfa	Söluhagnaður/sölutap	Arður	Dagsetn. arðgr.	Staðgreiðsla af arði	Nafnverð	Kaupverð (stofnverð)			
A	Almenn hlutabréf																		
Samtals																			
B	Sérstök hlutabréf																		
Samtals																			
C	Erlend hlutabréf	Land	Nafn hlutafélags	Nafnverð/fjöldi hluta	Stofnverð (kaupverð)	Nafnverð/fjöldi hluta keypra hlutabréfa	Kaupverð	Breyting á nafnverði/fjöldi hluta	Breyting á kaupverði	Söluverð	Nafnverð/fjöldi hluta seldra hlutabréfa	Stofnverð seldra hlutabréfa	Söluhagnaður/tap	Arður	Dagsetn. arðgr.	Fjöldi hluta	Nafnverð	Kaupverð	
Samtals																			

Leiðbeiningar um útfyllingu

Eyðublaðið er þrískipt. Í kafla A skal færa öll hlutabréf í innlendum félögum sem ekki sæta sérstakri skattlagningu. Í kafla B skal færa hlutabréf sem keypt voru á árunum 1990 til 1996 í félögum sem uppfylltu tiltekin skilyrði og ríkisskattstjóri hafði staðfest. Fjárfesting í þessum hlutabréfum gat komið til lækkunar á tekjuskattsstofni. Söluhagnaður þessara bréfa, allt að 367.625 kr. hjá einstaklingi og 735.250 kr. hjá hjónum er skattfrjálst. Í kafla C skal færa erlend hlutabréf.

Hlutabréfaeign í upphafi árs: Í dálkum 3 og 4 skal tilgreina nafnverð og kaupverð/stofnverð bréfa sem framteljandi átti í félaginu í byrjun árs. Sjá töflu á bakhlið fyrir útreikning á kaupverði. **Ef upplýsingar um kaupverð hlutabréfa finnast ekki er dálkur 4 hafður auður og ekki þarf að fylla út töflu á bakhlið.** Vakin er athygli á því að þegar að sölu hlutabréfa kemur mun kaupverðið koma til frádráttar söluverði við útreikning söluhagnaðar.

Ef framteljandi fyllti út eyðublaðið RSK 3.19 í fyrra, þá færast nafnverð og kaupverð úr dálkum 15 og 16 í fyrra í dálka 3 og 4 í ár. Þá þarf ekki að fylla út töflu á bakhlið.

Kaup: Hér skal færa inn nafnverð og kaupverð hlutabréfa sem keypt voru á árinu 2024. Gera skal nánari grein fyrir kaupnum á bakhlið eyðublaðsins, en þar skal gera grein fyrir kennitölu seljanda og kaupdegi. Innborgun hlutfjár við hlutfjárukræningu jafngildir kaupnum á hlutabréfum og skal því færa innborgunina í þennan kafla. Innborgun hlutfjár við stofnun hlutafélags færast ekki í kaflann „Kaup“, heldur skal færa silka innborgun í kaflann „Breyting“.

Breyting: Hér skal gera grein fyrir öllum hækkunum og lækkunum sem urðu á nafnverði og kaupverði hlutabréfa á árinu af öðrum ástæðum en kaupum og sölu. Í dálk 7 skal færa hækkun eða lækkun á nafnverði og í dálk 8 skal færa hækkun eða lækkun á kaupverði. Nánari grein skal gera fyrir þessu í töflu á bakhlið.

Sala: Hér skal færa inn söluverð og nafnverð hlutabréfa sem seld voru á árinu 2024. Gera skal nánari grein fyrir sölu á bakhlið eyðublaðsins, en þar skal gera grein fyrir kennitölu kaupanda og sölu-degi. Í dálk 11 skal færa kaupverð seldra hlutabréfa. Ef ekki er seld öll hlutabréfaeign í félagi skal færa í dálkinn sama hlutfall af heildarkaupverði hlutabréfa í félaginu og nafnverð hinna seldra hlutabréfa er af heildarnafnverði hlutabréfa í félaginu fyrir sölu. Í dálk 12 skal færa söluhagnað eða sölutap, sem er mismunur á söluverði í dálk 9 og kaupverði seldra hlutabréfa í dálki 11. Tap af sölu hlutabréfa er heimilt að draga frá hagnaði af sölu annarra hlutabréfa á sama ári.

Arður og staðgreiðsla: Arður sem fenginn var á árinu og staðgreiðslu sem haldið var eftir af honum fara í dálka 13 og 14. Arð og áfregna staðgreiðslu skal eftir atvikum færa í kafla 3.5 og 3.6 á framtali. Dagsetningu þegar arður var greiddur skal færa í dálk 13a.

Hlutabréfaeign í lok árs: Nafnverð bréfa í eigu framteljanda í árslok er fært í dálk 15 og á það að stemma við fjárhæðir í dálkum 3, 5, 7 og 10, þ.e. nafnverð bréfa í dálkum 3, 5, 7 og 10, plús nafnverð keypra bréfa (5), hækkun/lækkun vegna annarra breytinga (7) mínus nafnverð bréfa sem seld voru á árinu (10). Sama gildir um kaupverð/stofnverð sem fært er í dálk 16, það á að stemma við upplýsingar í dálkum 4, 6, 8 og 11.

Nafnverð íslenskra hlutabréfa skv. dálki 15 skal færa í lið 3.5 á framtali, sem eign í árslok. Ef nafnverð erlendra hlutabréfa er þekkt skal færa það í lið 3.6 á framtali, en færa skal kaupverð í lið 3.6 ef nafnverð er ekki þekkt.

Erlend hlutabréf: Ef nafnverð erlendra hlutabréfa er þekkt skal færa það í dálka fyrir nafnverð/fjöldi hluta, annars skal færa fjölda hluta. Ef notað er nafnverð er það fært í dálk 15 og ekkert í dálk 14. Ef nafnverð er ekki þekkt skal færa fjölda hluta í dálk 14 og ekkert í dálk 15. **Aldrei skal því færa bæði í dálka 14 og 15 hjá erlendu félagi.**

Útreikningur á söluhagnaði

Reitur 17 - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir sérstök hlutabréf.

Reitur 18 - Í þennan reit skal færa fritekjumark þessara bréfa sem er 367.625 kr. hjá einstaklingi og 735.250 kr. hjá hjónum. Þó aldrei hærrí fjárhæð en hagnaður í reit 17.

Reitur 19 - Í þennan reit skal færa fjárhæð í reit 17 að frádræginni fjárhæð í reit 18.

Reitur 20 - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir almenn hlutabréf.

Reitur 21 - Í þennan reit skal færa söluhagnað/sölutap samtals úr kaflanum fyrir erlend hlutabréf.

Reitur 22 - Í þennan reit skal færa samtölu söluhagnaðar/sölutaps úr reitum 19, 20 og 21.

Útreikningur á söluhagnaði

Söluhagnaður sérstakra hlutabréfa	Fritekjumark	Mismunur á reitum 17 og 18
17	18	19
Almenn hlutabréf hagnaður/tap		20
Erlend hlutabréf hagnaður/tap		21
Söluhagnaður/tap alls		22

Hagnaður af sölu hlutabréfa færast í reit 164, kafla 3.8 á framtali. Sölutap er ekki fært á framtali.

Hlutabréfaeign í upphafi árs (kaupverð í dálki 4 á framhlið)

Hér skal færa inn nafnverð og upphaflegt kaupverð (stofnverð) hlutabréfa sem voru í eigu framteljanda í ársbyrjun 2024. **Ef kaupár er ekki þekkt skal færa 9999 í dalk 3. Ef kaupverð er ekki þekkt skal dalkur 4 hafður auður.** Samtölur úr dálki 8 fyrir viðkomandi félag skal færa í dalk 4 framhlið. Með kaupverði er átt við það verð sem greitt var fyrir bréfin þegar þau voru keypt, án framreiknings, ef þau voru keypt 1997 eða síðar. Hafi bréfin verið keypt 1996 eða fyrr er kaupverð þeirra framreiknað með verðbreytingarstuðli sem gildir fyrir viðkomandi kaupár. Þó skal færa jöfnunarverðmæti hlutabréfa sem keypt voru fyrir árslok 1996, ef það er hærra. Jöfnunarverðmætið er margfeldi nafnverðs hlutabréfa eins og það var í árslok 1996 (sjá framtal 1997) margfaldað með jöfnunarstuðli félagsins sem er að finna á vef ríkisskattstjóra, **skatturinn.is/hlutabref**. Ef félagið er ekki á þeim lista er stuðullinn 1,0000. Hafi kaupverð verið fært niður, vegna söluhagnaðar áður seldra hlutabréfa eins og heimilt var á árunum 1996-2001, skal þannig niðurfært kaupverð fært í dalkinn kaupverð. Kaupverð hlutabréfa sem framteljandi hefur eignast við samruna hlutafélaga er jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa sem hann lét af hendi við sameininguna. Kaupverð hlutabréfa sem fengin hafa verið í arf er kaupverð arfláta. Ef arfláti átti hlutabréfin í árslok 1996 er heimilt að færa jöfnunarverðmæti þeirra sem kaupverð. Kaupverði hlutabréfa sem keypt voru 1980 og fyrr skal breyta úr gömlum krónum í nýkrónur.

Hlutabréfaeign 1. janúar 2024

1	2	3	4	5	6	7	8
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Kaupár	Kaupverð	Verðbreytingar-stuðull	Framreiknað kaupverð (dalkur 4 x dalkur 5)	Jöfnunarverðmæti	Kaupverð (hærrí fjárhæð úr dalkum 6 og 7)
						Samtals	

Kaup (dálkar 5 og 6 á framhlið)

Hér þarf að sundurliða upplýsingar um hlutabréf sem keypt voru á árinu. Samtölurnar úr dalkum 5 og 6 fyrir viðkomandi félag eru síðan færðar í dálka 5 og 6 á framhlið. Færa skal nafnverð og kaupverð hlutabréfa sem útgefin eru í erlendum gjaldmiðli á gengi eins og það var þegar hlutabréfin voru keypt. Nafnverð og kaupverð er því óbreytt í krónutölu á milli ára meðan ekki er um kaup, sölu eða aðra breytingu á eignarhluta í félaginu að ræða.

Arður greiddur út með hlutabréfum

Þegar arður er greiddur út í formi hlutabréfa skal færa andvirði bréfanna sem arð í dalk 13 og staðgreiðsluna af arðinum í dalk 14 á framhlið þessa eyðublaðs. Fara skal með arðgreiðsluna

Hlutabréfakaup á árinu 2024

1	2	3	4	5	6
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Kennitala seljanda	Kaupdagur	Nafnverð	Kaupverð
				Samtals	

Athugasemdir:

Breyting (dálkar 7 og 8 á framhlið)

Hér skal gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á nafnverði og kaupverði hlutabréfa af öðrum ástæðum en kaupum og sölu. Fjárhæðir sem skráðar eru í dalkum 5 og 6 skal færa á framhlið eyðublaðsins, í dálka 7 og 8.

Hækkun á nafnverði og kaupverði af öðrum ástæðum en kaupum getur til dæmis verið af eftirfarandi ástæðum:

Uppruni hækkunar	Gera skal grein fyrir kennitölu	Kaupverð
Hlutabréf fengin í arf	Arfláta	Kaupverð arfláta
Hlutabréf fengin að gjöf	Gefanda	Markaðsverð bréfanna við móttöku
Einkarekstur færður í ehf.		Eigið fé í einstaklingsreksstrinum
Hækkun vegna skiptingar	Félags sem var skipt	Kaupverð hlutabréfanna sem látin voru af hendi
Hækkun vegna sameiningar	Félags sem var slitíð við sameiningu	Kaupverð hlutabréfanna sem látin voru af hendi
Jöfnunarhlutabréf		
Endurmat stofnfjár		
Nýstofnað félag		Kaupverð getur ekki verið lægra en nafnverð

Hækkanir og/eða lækkanir á nafnverði og kaupverði hlutabréfa á árinu 2024 (aðrar en vegna kaupa eða sölu)

1	2	3	4	5	6
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Skýringar á breytingu	Kennitala	Hækkun/lækkun nafnverðs	Hækkun/lækkun kaupverðs
			Samtals		

Sala (dálkar 9 og 10 á framhlið)

Hér þarf að sundurliða upplýsingar um seld hlutabréf á árinu. Söluverð í dalkí 5 skal vera söluandvirði að frádregnum beinum sölukostnaði. Hafi framteljandi selt bréf oftar en einu sinni á árinu í sama félaginu er gerð ein færsla fyrir hverja sölu. Samtölurnar úr dalkum 5 og 6 fyrir viðkomandi félag eru síðan færðar í dálka 9 og 10 á framhlið.

Sala hlutabréfa á árinu 2024

1	2	3	4	5	6
Kennitala hlutafélags	Nafn hlutafélags	Kennitala kaupanda	Söludagur	Söluverð	Nafnverð seldra bréfa
			Samtals		

Gjaldprot: Þegar um er að ræða tap á hlutafé vegna gjaldþrots félags skal skrá „Gjaldprot“ í dalk 3 en ekki þarf að fylla út dálka 4, 5 og 6. Á framhlið blaðsins er þá skráð kennitala og nafn félagsins, eign í ársbyrjun tilgreind í dalkum 3 og 4 og „0“ skráð í dálka 15 og 16. Ekki þarf að fylla út dálka 5-14.

Lækkun á nafnverði og kaupverði af öðrum ástæðum en sölu getur til dæmis verið af eftirfarandi ástæðum:

Ástæða lækkunar	Gera skal grein fyrir kennitölu	Kaupverð
Fyrirframgreiddur artur	Arþega	Upphaflegt kaupverð
Hlutabréf gefin	Gjafþega	Upphaflegt kaupverð
Hlutafélagi slitíð		
Lækkun vegna sameiningar	Félags sem sameining var við	Upphaflegt kaupverð bréfanna
Lækkun vegna skiptingar		
Lækkun hlutafjár v/niðurfærslu		
Gjaldprot		
Hlutafé lækkað og greitt út til hluthafa		